



Egilsstaðaskóli



LEIKSKÓLINN
TJARNARSKÓGAR
gleði - virðing - samvinna - fagmennska

Samstarf Egilsstaðaskóla og leikskólans Tjarnarskógar um farsæla skólabyrjun veturinn 2018 - 2019

Markmiðið með samstarfinu:

- Að auðvelda nemendum tilfærslu milli skólastiga og stuðla að farsælli skólabyrjun við sex ára aldur.
- Að fimm ára nemendur kynnist nemendum, starfsfólki og umhverfi Egilsstaðaskóla, samhliða skólagöngu sinni í Tjarnarskógi og stuðla þannig að vellíðan og öryggi barna við að fara úr leikskóla í grunnskóla.
- Að skapa farveg fyrir miðlun upplýsinga á milli skólastiga.
- Að auðga skólastarfið á báðum stigum og efla félagsleg tengsl
- Að nýta sérstöðuna og það umhverfi sem við búum við.

Fimm ára nemendur í Tjarnarskógi heimsækja Egilsstaðaskóla og nemendur Egilsstaðaskóla fara í heimsóknir í leikskólann. Leikskólabörninn kynnast sérstaklega tilvonandi vinabekk sínum, sem er 5. bekkur og nýta sér aðstöðu á leikvelli við Egilsstaðaskóla yfir veturinn. Einnig er leikskólabörnum sérstaklega boðið að koma í skólann ásamt kennurum sínum í þeim tilgangi að kynnast skólaumhverfinu og nýta sér hina góðu aðstöðu í verkgreinastofum skólans og á bókasafninu.

Í september/október fara nemendur 1. bekkjar í heimsókn í leikskólann og sýna 5 ára nemendum, skólatöskuna sína og námsbækur. Í október koma leikskólabörninn í heimsókn í Egilsstaðaskóla og taka skólastjórar skólans á mótí hópnum og leiða þau um skólann. Í nóvember eru tvær heimsóknir á Bókasafnið. Sú fyrri er í tengslum við dag íslenskra tungu en þá lesa nemendur í 7. bekk stutta bók fyrir leikskólabörninn en í seinni heimsókninni fara börnin í litlum hópum og hitta bókasafnskennara. Í janúar fá leikskólabörninn að kynnast faggreinum og í febrúar verða þau með 1. bekk í kennslustund og vinna að spennandi verkefnum. Í mars eru tvær heimsóknir, sú fyrri er í Tónlistarskólann og sú seinni boð á generalprufu fyrir árshátíð 1.-3. bekkjar. Í apríl fá leikskólabörninn íþróttatíma undir stjórn íþróttakennara, þau fara ekki í sturtu eftir íþróttatíma en þurfa að skipta um föt í fataklefa. Í apríl/maí hitta leikskólabörninn verðandi vinarbekk sinn, sem er 5. bekkur, í útileikjum. Í maílok koma leikskólabörninn í Egilsstaðaskóla í hálfan dag og vinna að verkefnum undir stjórn kennara sem verða kennarar í 1. bekk að hausti.

Skilafundur leikskólans til Egilsstaðaskóla vegna nemenda í verðandi 1. bekk er í maí.

Dagsetningar fyrir heimsóknir

Fyrir áramót:

18. september kl. 9:00-9:50 Heimsókn í Tjarnarskóg	Nemendur í 1. bekk fara í heimsókn í leikskólann og sýna skólatöskurnar sínar
10. október kl. 10:00 Fyrsta heimsókn í Egilsstaðaskóla	Heimsókn í Egilsstaðaskóla, skólastjóri og aðstoðarskólastjóri taka á móti börnunum við aðalinnganginn og sýna skólann.
12. nóvember Heimsókn á Bókasafn Hópur 1 kl. 9:00 Hópur 2 kl. 9:30	Heimsókn á bókasafnið og hitta nemendur 7. bekkjar þar í sögustund.
28. nóvember Heimsókn á Bókasafn Hópur 1 kl. 9:00-9:30 Hópur 2 kl. 9:45-10:15 Hópur 3 kl. 10:30-11:00	Heimsókn á bókasafnið í smærri hópum og skoða safnið með bókasafnskennara.

Eftir áramót

Heimsóknir í verkgreinar 14. janúar kl. 10:10-11:10 = hópur 1 21. janúar kl. 10:10-11:10 = hópur 2	Hópnum er skipt í tvennt, hálfur hópur í senn sem skiptist í fjórar verkgreinar, smíðar, textílmenn, heimilsfræði og myndmenn.
12. febrúar kl. 9:50 - 11 13. febrúar. kl. 9:50 - 11 Heimsókn í bekkjarstofu 1. bekkjar	Heimsóknin byrjar með frímínútum kl. 9:50 - 10:10 og svo er farið í bekkjarstofur. Hálfur hópur í hvort skipti á meðan helmingur 1. bekkjar fer í leikskólann í heimsókn. Unnið verður að verkefnum með 1. bekk og í leikskólanum verður flæði í frjálsum leik.
18. mars og 22. mars kl. 10-11 Heimsókn í Tónlistarskólann	Farið er í tveim hópum að skoða Tónlistarskóla Egilsstaða en hann er staðsettur í Egilsstaðaskóla.
3. apríl kl. 9:00 Generalprufa fyrir árshátíð	Börnunum er boðið á generalprufu á árshátíð yngsta stigs.
25. mars, 1. apríl og 8. apríl. Kl. 12:00-13:00 Heimsókn í Íþróttahúsið	Heimsókn í íþróttahúsið- hópnunum skipt í þrennt.
Maí (dagur ákveðið m.t.t. veðurs). Hittingur með vinabekk	Börnin hitta 5. bekk en sá bekkur er verðandi vinabekkur þeirra. Þau hittast úti, gjarnan í leik í Tjarnargarðinum.
Maí (seinni hluta) Skilafundur	Skilafundur kennara vegna nýrra nemenda í 1. bekk. Á þennan fund fara deildarstjórar, sérkennslustjóri frá leikskóla og umsjónarkennarar & sérkennslustjóri frá Egilsstaðaskóla.
Maí Vorskóli	Leikskólabörn fara í heimsókn grunnskólann og hitta væntanlega kennara sína.